

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2018

2020/EES/71/18

frá 31. maí 2018

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðilanna að EES-samningnum svo það taki til aðgerða á vegum Sambandsins sem fjármagnaðar eru af almennum fjárlögum Sambandsins að því er varðar frjálsa för launþega, samræmingu almannatryggingakerfa og ráðstafanir vegna innflytjenda, m.a. innflytjenda frá þriðju löndum.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Í stað orðanna „og 2017“ í 5. og 13. mgr. 5. gr. bókunar 31 við EES-samninginn koma orðin „, 2017 og 2018“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (*).

Skal hún koma til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.